| **Grein: Myndment** | **Tímabil: 1 smiðjutímabil 4. – 5.b** | **Kennarar: Halla J** |
|---|---|---|
| **Efnisþáttur úr ársáætlun:**<br>Stuðlað að þróun skapandi hugsunar og ímyndunarafls og að kynna fyrir þeim margvíslegar aðferðir og efnivið sem og hugtök og heiti. | | |
| **Námsmarkmið** | **Viðfangsefni nemenda** | **Námsmat** |
| Formfræði<br>Litafræði<br>Myndbygging<br>• Þekkja litahringinn, frumliti og andstæðu litina<br>• Geta nýtt sér ólíka útfærslur línuteikningar<br>• Teikna eftir fyrirmyndum<br>• Þekki forgrunn, miðrými og bakgrunn<br>• Þekki kyrrð og hreyfingu í byggingu myndverka<br>• Þekki hugtökin jákvætt og neikvætt rými<br>• Geta breytt tvívíðu formi í þrívítt<br><br>Tækni<br>• Geta nýtt sér skissuvinnu sem eðlilegan hluta af vinnuferli<br>• Kynnast þrykki<br><br>Listrýni<br>• Geta á einfaldan hátt lagt mat á eigin verk og annarra<br>• Gera sér grein fyrir mismunandi stefnum listasögunnar<br>• Hafa kynnst ákveðnu listatímabili<br><br>Umgengni<br>• Ganga vel um og sýna ábyrgð og nærgætni í myndmenntastofunni | Nemendur mála 12 litahringinn<br><br>Kynnast einfaldri fjarvídd út frá grunnformum og hvarfpunkti og breyta í þrívídd.<br><br>Hendur á hendur ofan. Teikning og fínhreyfingar þjálfaðar og litanotkun<br><br>Kynning á op art. Nemendur gera kubb ú pappír þar sem markmið er að þekkja andstæðu litina, grunnformin, hugtökin lágrétt og lóðrétt, kyrrð og hreyfingu.<br><br>Speglun í landslagi.<br><br>Haustlitatré, þar er farið í liti árstíðanna og einkenni haustlita sértaklega.<br><br>Picassoteningaleikur. Kúbisminn rifjaður upp og nemendur vinna verkefni eftir ákveðinni formúlu.<br><br>Reynt eftir fremsta megni að tengja viðfangsefni við þemu.<br>Íslandsþema,<br>Blái hnötturinn<br>fuglaþema | Nemandi metur sjálfur hvernig honum hefur gengið og hvort hann geti bætt sig. Sjálfsmat unnið í skissubók eftir hvert verkefni.<br>Kennari skrifar umsögn í skissubækur og í dagbók inn á mentor eftir hverja smiðju þar sem mat hans á afrakstri, hegðun og námsferil nemandans er skráð |

| | | |
|---|---|---|
| | | |
| **Námsefni/Bjargir:** | | |